

REGLUGERÐ

61

14. apríl

um lánadeild Búnaðarbanka Íslands fyrir smábýli.

1. gr.

Hlutverk smábýladeildar er að veita lán til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem lífvænleg skilyrði eru fyrir hendi til reksturs smábýlabúskapar.

2. gr.

Ræktunarland það, er fylgir hverju býli, skal vera að minnsta kosti einn hektari af ræktuðu eða auðræktanlegu landi. Þó er lánveiting heimil í einstökum tilfellum, þótt land það, er býlinu tilheyrir, sé ekki stærra en hálfur hektari, enda sé þá sannað fyrir stjórn smábýladeildar, að lántakandi hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði.

3. gr.

Tryggingar fyrir lánum úr deild þessari skulu vera fasteignaveð eingöngu.

4. gr.

Lán til hvers býlis má nema allt að 60% af fasteignamati lands og húsa. Þó má hámark lánsupphæðar ekki fara fram úr 6 þús. krónum til hvers býlis. Láns-tími má vera allt að 40 árum, þegar um vandað steinhús er að ræða, og allt að 25 árum, ef um vandað timburhús er að ræða. Sé um lán til annarra mannvirkja að ræða, er lánhæf teljast, ákveður stjórn deildarinnar lánstímann í hverju tilfelli.

5. gr.

Að jafnaði má eigi lána nema gegn fyrsta veðrétti. Þó er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að taka síðari veðrétti, ef opinberar lánsstofnanir eða sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 60% fasteignamatsverðs.

6. gr.

Af lánum úr smábýladeild skal greiða í vexti 4½% á ári, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið af stjórn Búnaðarbanka Íslands.

7. gr.

Starfsfé deildarinnar er framlag rikissjóðs og lánsfé það, er útvegað verður samkvæmt 41. og 42. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, frá 7. nóvember 1941.

8. gr.

Gjalddagi vaxta og afborgana af lánum úr smábýladeild skal vera 15. nóvember ár hvert, og greiðist í einu lagi með jafnri fjárhæð (árgjaldi) á hverjum gjalddaga.

9. gr.

Hver lántakandi skal greiða til varasjóðs lántökugjald, 1% af lánsupphæð sinni, um leið og lánið er tekið.

10. gr.

Um greiðslu dráttarvaxta og annars kostnaðar, ef lán lendir í vanskilum, svo og um reikning vaxta, ef lán er veitt á öðrum tíma en almennum gjalddaga þeim, sem ákveðinn er í 7. gr., fer eftir sömu reglum og gilda í því efni um lán úr Ræktunarsjóði.

61

14. apríl

11. gr.

Stjórn deildarinnar er heimilt að láta skoðun og nýja virðingu fram fara á veðsettum eignum svo oft er henni þurfa þykir, á kostnað lántakanda. Það skal vera skilyrði fyrir lánum til bygginga, að Teiknistofa landbúnaðarins geri eða samþykki upprætti að húsum.

12. gr.

Þegar lán er veitt, skal lántakandi leggja fram þessi skjöl:

- a. Veðbókarvottorð.
- b. Virðingargerð á þeim eignum, er veðsetja skal.
- c. Umboð og veðleyfi, ef svo stendur á, að þess þurfi.

13. gr.

Ef eigandaskipti verða á veðsettu býli, er skylt að tilkynna það stjórn smábýladeildarinnar þegar í stað.

Við eigandaskipti er heimilt að krefjast endurgreiðslu lánsins að öllu eða nokkru leyti.

Ef einhver hefur keypt smábýli með áhvilandi láni í smábýladeild, skal hann þegar, að fengnu leyfi stjórnar deildarinnar, sanna eignarrétt sinn fyrir bankanum og taka lánið að sér.

14. gr.

Stjórn smábýladeildar leggur hverja lánbeiðni fyrir Búnaðarfélag Íslands eða trúnaðarmann þess til ýtarlegrar umsagnar og álits, áður lán er veitt.

15. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur deildin heimild til þess að ganga að veðinu, eftir þeim reglum, er gilda um eignir, sem veðsettar eru bankanum.

16. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, er verða kann samkvæmt árlegum reikningum deildarinnar.

17. gr.

Skyldir skulu allir embættismenn og sýslunarmenn til þess að aðstoða stjórn smábýladeildar, á sama hátt og fyrir er mælt um aðrar lánadeildir Búnaðarbanka Íslands.

18. gr.

Endurskoðunarmenn Búnaðarbankans skulu hafa á hendi endurskoðun deildarinnar.

19. gr.

Sérstakan reikning skal halda um smábýladeildina, jafnframt því, sem hún skal talin með í aðalreikningi bankans.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 115 7. nóv. 1941, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. apríl 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.